


 **Alafoss**<sup>®</sup>  
of Iceland



Prentsmíðjan GRAFIK hf.

**LOPI**  
light

134



 **ÁLAFOSS**  
of Iceland





Stærðir: 4 (12) ára 42

Efni: Bændaband eða tvöfaldur plötulopi.

- Grunnlitur 50 (100) 100 gr.
- 1. aukalitur 50 (50) 50 gr.
- 2. aukalitur 25 (50) 50 gr.
- Sokkaprjónar n.r. 3½. Ermahringprjón n.r. 3½.

**Prjónafesta:** 20 L x 23 umf. = 10x10 cm. Ef ekki næst rétt prjónafesta þarf að skipta um prjóna eins og við á.

**Skammstafanir:** L: lykklja(-ur), prj.: prjónar (-ið), umf.: umferðir, sl.: slétt, br.: brugðöð, 2 L sm.: 2 L saman, 2 L snú. sm.: 1 L tekið óprj. af, næsta L prj. sl. óprj. L steypt yfir prj. L. Sé aðeins ein tala nefnd í uppskriftinni, á hun við allar stærðir.

**Húfan:** Fítið upp á ermaprj. 70 (84) 98 L með grunnlit. Tengid saman í hring og prj. 7 (8) 8 umf. sl. prj. 1 umf. br. sem brot) og síðan 4 (4) 5 umf. sl. Prj. mynstur 1, síðan 2 (3) 4 umf. sl. með grunnlit. skiptið yfir í aukalit n.r. 1 og prj. 1 (2) 3 umf. sl. með honum áður en mynstur 2 er prj. Um leið og mynstur 2 er buið eru merktar 2 L í hvorri hlið með mislitum enda, þ.e. 1. og síðasta L á prj. og 35. og 36. (42. og 43.) 49. og 50. L. Eru þá 33 (40) 47 L á milli merkja. Er nú tekin úr 1 L sitt hvoru megin við þessi merki í annarri hverri umf. alla leið upp, þannig: Byrjið að prj. fram fyrir samekkyti, prj. 2 L snú. sm., prj. þar til 2 L eru eftir að hinu merkinu, prj. 2 L sm., 2 L sl. (merktu L), endurtakið úrtökuna hinum megin. Skiptið yfir á sokkaprjóna þegar fer að þrengjast á ermaprjóninum. Eftir mynstur 2 eru prj. 1 (2) 3 umf. með aukalit n.r. 1. Skiptið yfir á grunnlit og prj. 1 (2) 2 umf. sl., þá mynstur 3. Eftir það er prj. sl. með grunnlit þar til 7 (8) 11 sl. L eru eftir á milli merkjana. Er þá lykkljað saman að ofan. Gangið frá lausum endum og varpið umbrotið laust upp á röng-umni. Pressið húfuna létt.


**VETTLINGAR:**

- Efni: Grunnlitur 50 (100) 100 gr.
- 1. aukalitur 25 (25) 25 gr.


Sjá skýrningar á stærð, prjónastærð og -festu á húfu. Fítið upp með grunnlit á sokkaprj. 42

(42) 56 L. Tengid saman í hring og prjónið 5 umf. sl. þá 1 umf. br. (sem brot), síðan 2 (3) 4 sl. umf. Prj. mynstur 1. Snúið böndin saman á röngunni, ef bandið liggur yfir meira en 4—5 L, svo fingur festist ekki þeim. Fallegt er að snúa böndin saman þannig: Hafid bæði böndin á fingrinum í einu, aðalilitinn innar. Farið með prj. bak við bæði böndin, seekið aðalilitinn bak við aukalitin (það band sem á að hefja) prj. nú L eins og vanalega, verður hun öflug í næstu umf. og þarf þá að snúa henni. Prj. síðan 2 (3) 4 sl. umf. með grunnlit. Skiptið yfir í brugðöngu 1 L sl. 1 L br., en í 1. umf. er L fækkað í 28 (36) 40. Jarfið L þannig að á hverjum prj. verði 7 (9) 10 L. Eftir 6 (8) 10 umf. er aftur prj. sl. í fyrstu umf. er 13. (16.) 18. L merkt, með mislitum bræði. Í næstu umf. byrjar útaukningin fyrir þumal. Er aukin út 1 L sitt hvoru megin við merktu L í annarri hverri umf. þannig að við aðra útaukningu erða 3 L á milli útaukninga og fjöldigið þannig um 2 L í hvert skipti. Þegar L á tungunni verða 9 (11) 13 er prj. 1 sl. umf. Í næstu umf. eru þessar L settar á bræð og geymdar en 5 nýjar L myndðar í þeirra stað. Prj. nú sl. áfram, en í 3. og 5. umf. eru teknar úr 2 í hvert skipti undir þumli, þannig: Þegar 1 L er eftir að nýju L er hún og næsta L prj. snú. sm., 3 L sl., 2 L sm. Í 5 umf. er aðeins 1 L á milli úrtaka. Þegar prj. hafa verið 15 (25) 35 umf. frá þumli, byrjar úrtakan. Byrjið á samekkytum. Prj. 2 L snú. sm., pr. sl. út þennan prj. Á 2. prj. eru 2 síðustu L prj. sm., 3. prj. er eins og 1. prj., 4. prj. er eins og 2. prj., prj. 2 sl. umf. án úrtöku, takið úr í næstu umf. eins og fyrr sagði, 2 sl. umf. án úrtöku. Takið úr í næstu umf. Prj. 1 sl. umf. án úrtöku. Eftir þetta er tekið úr í hverri umf. þar til 2 L eru eftir á hverjum prj. (alls 8 L). Slitið frá og dragið í gegnum L.


**Þumali:** Takið lausa enda úr L á þumlinum. Setjið bær upp á prj. Takið upp 7 L undir þumlinum, svo verði alls 16 (18) 20 L á prj. Prj. 9 (11) 14 umf. sl. Takið þá úr þannig: 2 L snú. sm. 4 (5) 6 L sl., 2 L sm., 2 L snú. sm., 4 (5) 6 L sl., 2 L sm. Endurtakið úrtökuna í annarri hverri umf. í sinni (tvisvar) þrisvar, en gætið þess að L fækkar um 2 í hvert skipti á sl. flötunum. Slitið frá og dragið upp úr L. Seinni vettlingurinn er prj. eins, nema þá er sett merki fyrir þumli í 16. (21.) 23. L. Gangið frá lausum endum og varpið umbrotið laust niður á röngunni. Pressið vettlingana létt.



mynstur III



mynstur II



mynstur I

- Grunnlitur
- 1. aukalitur
- 2. aukalitur

Hönnun: Astrid Ellingsen.

Eftirprentun á mynd og texta bönnuð. Án skriflegs leyfis er óheimilt að nota uppskrift þessa eða hluta hennar við framleiðslu í atvinnuskini eða til sölu.